

## 25. stjórnarfundur

### *Félags um menntarannsóknir*

#### **haldinn í KHÍ**

**6. sept., 2004 (kl. 15:00-16:30)**

*Mættir:* Jóhanna Einarsdóttir formaður, Hafþór Guðjónsson gjaldkeri, Guðný Guðbjörnsdóttir, Kristín Guðmundsdóttir og Börkur Hansen meðstjórnendur. Guðrún Geirsdóttir boðaði forföll.

1. *Fundargerð síðasta fundar.* Ákveðið að fresta afgreiðslu til næsta fundar.
2. *Tímarit FUM.* Júlíus Björnsson ritstjóri tímaritsins gat ekki mætt á fundinn til að gera grein fyrir störfum ritnefndar. Formanni var falið að ræða við hann um stöðu málsins en fundarmenn lýstu yfir miklum áhyggjum ef útgáfa tímaritsins drægist frekar.
3. *Námsstefna 13. nóvember.* Rætt var um að halda námsstefnuna í húsakynnum Kennaraháskólans að þessu sinni. Formanni falið að senda út tilkynningu á póstlista til félagsmanna um málþingið með drögum að dagskrá. Í ráði er að byrja þingið með panilumræðum um nýja áhugaverða hluti í aðferðafræði rannsókna. Að því loknu yrðu í boði tvö námskeið, í NVivo og EndNote forritunum. E.t.v. yrðu námskeiðin hvort á eftir öðru eða í boði samhliða en ákvörðum um það verður tekin síðar í ljósi þátttöku. Tölvustofurnar í KHÍ taka hvor um sig 20 manns og getur hvor hópur því ekki orðið fjölmennari en því nemur. Gert er ráð fyrir að gjald á hvort námskeið verði kr. 2000.- og að þátttakendur greiði gjöldin í heimabanka og framvísi kvittun við upphaf viðkomandi námskeiðs. Ef þátttaka verður mikil er ráðgert að endurtaka námskeiðin síðar.
4. *Önnur mál.* Engin.
5. Ákveðið að halda næsta fund 14. september kl 11:30.

Fundarritari – Börkur Hansen